

2008120048
0000; 9310

Vegagerðin
Magnús Ó. Einarsson, deildarstjóri
Borgartúni 5 og 7
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. apríl 2009

**Efni: Tvöföldun Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi að Hólmsá. Ákvörðun
Skipulagsstofnunar um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun um tvöföldun Suðurlandsvegar frá Vesturlandsvegi að Hólmsá í Reykjavík og Mosfellsbæ.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Eflu verkfræðistofu dags. 6. mars 2009 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Vegagerðin. Suðurlandsvegur - Tvöföldun. Frá Vesturlandsvegi að Hólmsá. Efla verkfræðistofa, mars 2009.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Mosfellsbæ, Fiskistofu, Fornleifavernd ríkisins, Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Mosfellsbæ með bréfi dags. 27. mars 2009, Fiskistofu með bréfi dags. 26. mars 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 26. mars 2009, Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu með bréfi dags. 23. mars 2009, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis með bréfi dags. 26. mars 2009, Umhverfis- og samgöngusviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 24. mars 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. mars 2009. Athugasemd barst frá Landsambandi hestamannafélaga með bréfi dags. 24. mars 2009. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfi dags. 2. apríl 2009.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfi Eflu dags. 2. apríl 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

Skipulagsáætlanir

Í kafla 2.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fyrirliggjandi skipulagsáætlanir. Skipulagsstofnun bendir á nauðsyn þess að unnið verði og kynnt deiliskipulag vegna fyrirhugaðra umferðarmannvirkja, annað hvort sem hluta af deiliskipulagi aðliggjandi svæða eða fyrir umferðarmannvirkin ein og sér líkt og stofnunin benti sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu á með bréfi dags. 30. nóvember 2007.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Hljóðvist. Í kafla 4.2.11 í tillögu að matsáætlun er fjallað um hljóðvist og loftgæði. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir núverandi hljóðstigi við byggð umhverfis Suðurlandsveg og jafnframt að gera grein fyrir þeim breytingum sem verða á hljóðstigi í kjölfar framkvæmda og miðað við umferðarspá til næstu ára. Skipulagsstofnun minnir á nauðsyn þess að einnig verði gerð grein fyrir hljóðvist í þeim hverfum sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi sem og nauðsynlegum mótvægisáðgerðum til að halda hljóðstigi neðan marka reglugerðar um hávaða. Jafnframt þarf í frummatsskýrslu að gera grein fyrir sjónrænum áhrifum þeirra hljóðmana og -veggja sem mögulega þarf að reisa vegna hljóðvistar.

Útivist. Framkvæmdasvæðið er í nálægð við vinsæl útivistarsvæði. Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram hvort og þá hvaða áhrif framkvæmdirnar hafi á útivist og hvernig aðgengi að útivistarsvæðum verði háttað í kjölfar framkvæmdanna, t.d. úr Selási að Rauðavatni, frá Norðlingaholti að Rauðavatnsskógi og frá Hólmsheiði að Rauðhólum. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvernig og hvar reið-, göngu- og hjólastígar þvera Suðurlandsveg og hvar þeir liggja meðfram veginum.

Landnotkun. Í tillögu að matsáætlun kemur fram að þröngt sé milli Rauðavatnsskógar og bensínstöðvar Olíss. Jafnframt kemur fram að ekki þurfi að skerða skóginn. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess að við skóginn eru bílastæði, sem eru m.a. notuð af þeim sem stunda útivist í skóginum, að í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir hvar aðkoma og bílastæði verða við Rauðavatnsskóg.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Reykjavíkurborg, Mosfellsbær, Fiskistofa, Fornleifavernd ríkisins, Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun og Landsamband hestamannafélaga.

